

Stjórn foreldrafélags Setbergsskóla – fundur 9.apríl 2013

Mættir: Úr stjórn foreldrafélagsins Pálmar, Aðalbjörg, Mjöll, Rósa, Jóna, Anna, Harpa og Sandra .

Fyrir hönd skólans Sif og Hrönn

Fundarefni:

1. Vorverk
2. Hvítur bíll

Hvítur bíll

Hvítur bíll hefur verið á ferli í hverfinu og reynt að lokka börn upp í bílinn. Ekkert hefur heyrst um að sami bíll sé á sveimi í öðrum hverfum í bænum. Vangaveltur eru um hvort þetta sé mögulega lélegt grín hjá einhverjum ungmennum en allir sammála að ekki er hægt að taka sénsinn á því að svo sé. Þetta hefur verið rætt í skólanum við börnin og áriðandi er að foreldrar taki þetta upp heima. Mikilvægt er að upplýsa börnin án þess að hræða þau. Fyrirspurn kom frá Hrönn um hvort ástæða sé til að kalla saman fund með foreldrum til að fara yfir málið. Þar sem engar nýjar upplýsingar liggja fyrir er það talið ástæðulaust að þessu sinni.

Ef mál sem þessi koma upp var ákveðið að hafa sama form og verið hefur; að skólinn sé upplýstur ef svona atvik koma upp, hafa samband við lögreglu og senda póst til foreldra

Vorverk

Bærinn tók skólalóðina vel í gegn síðastliðið sumar svo ekki er eins mikil þörf á að taka til hendinni og var síðastliðið vor. Það væri gaman að hafa smá vorhátíð þar sem aðeins yrði tekið til á skólalóðinni, grillaðar pylsur og eitthvað gert til skemmtunar.

Ákveðið að vera með vorhátíðina „Gaman saman“ 4. Júní kl. 17.00

Ákveðum endanlega hvað gert verður á næsta fundi (7.maí).

Spurning hvort þetta verði bland af hreingerningu og skemmtun eða bara skemmtun.

Hugmyndir sem eru komnar:

Tína rusl, sópa, grilla pylsur, fara í ratleik, snú snú, brennó, línudans, hoppukastala

Allir hugsa málið og senda hugmyndir til Pálmars og svo verður ákveðið endanlega 7.maí hvað við gerum og hver framkvæmir hvað.

Ýmis mál:

Handboltamörkin eru enn og aftur netlaus. Síðast þegar net voru sett í mörkin þá dugðu þau í einn dag. Pálmar stingur upp á því að snúa myndavélunum að mörkunum til að ná þeim sem eyðileggja þetta. Einnig er stungið upp á að færa mörkin og að foreldrafélagið styrki skólann með hjólabrettarömpum sem væru settir þar sem mörkin eru í dag.

Spurt er hvort að foreldrafélagið geti gefið skólanum leiktæki. Einnig talað um hvort að við eigum frekar að styrkja skólann í að gera við leiktæki sem fyrir eru á lóðinni.

Sif bendir á að skólann vanti alltaf ýmis leikföng, t.d. bolta, fótbolta, brennóbolta, körfubolta, frísí, snú snú, sippubönd, krítar og fleira.

Ákveðið að foreldrafélagið standi fyrir söfnun á sumardóti.

Pálmar býr til auglýsingu og kemur til skólans þar sem kallað verður eftir því að fólk leiti í geymslum og bílskúrum að útidóti sem ekki er verið að nota - skólinn sendir svo bréf á foreldra.

Einnig verður athugað með hvort að foreldrafélagið geti gefið eitthvað tæki eða dót. –

Hrönn og Sif sjá til þess að kannað verði í skólanum hvaða leiktæki væri áhugi fyrir að fá.

Foreldrafélagið sendir póst á foreldra og kallar eftir útidóti úr geymslunni eða bílskúrnum.

Hafnarfjörður á iði verður 24. apríl kl. 10 - nákvæmar upplýsingar liggja ekki fyrir en þá verður gengið um hverfið, safnast saman við skólann og sungið með leikskólunum.

Sif spurði um páskabingóið og hvort ánægja hefði verið með það. Mikil ánægja var með bingóið – gaman að því að nú voru nýjir aðilar í öllum stöðum.

Sif bendir líka á að við náðum ágætri mætingu á skólaþingið - og bara mjög góðri miðað við önnur þing. Gafst vel að foreldrafélagið sendi líka póst á foreldra til að hvetja til mætingar.

Sif vill einnig koma skilaboðum til bekkjarfulltrúa / foreldrafulltrúa að þegar þeir fá skólann lánaðann fyrir bekkjarsamkomur þá þarf að fylgjast með því að krakkarnir séu ekki að hlaupa um skólann. Skólinn vill halda áfram að lána skólann fyrir svona bekkjar samkomur en vilja bara minna á að ekki er ætlast til að krakkarnir séu eftirlitslausir á göngum skólans.

Mjöll er með hugmynd um að setja plastaðan leiðbeiningar-miða á lykilinn sem foreldrar fá þegar þeir fá skólann lánaðann. Punkta um hvað þarf að passa eins og að læsa, slökkva og fleira.

Óklárað frá fyrri fundum:

Facebook.

Sandra kíkir á síður, fáum niðurstöður á næsta fundi.

Afbreyingardagur:

Aðalbjörg kastaði fram hugmynd um að hafa dag þar sem ÍBH gæti verið með dag þar sem afbreyting í bænum væri kynnt. Frestum aftur þar til næst þar sem fáir eru mættir núna.

Næsti fundur: - þriðjudaginn 7.maí